



Vestfjarðastofa

Fundargerð

1. fundur farsældarráðs Vestfjarða



13. maí 2026
Baldurshagi á Bíldudal



Miðvikudaginn 13. maí fór fram fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða í félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal, fundurinn var settur kl. 10:30.

Þau sem mættu úr farsældarráði Vestfjarða voru eftirfarandi fulltrúar: Alberta Kristín Jónsdóttir varaformaður Ungmennaráðs Vestfjarða, Ástrós Þóra Valsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi frá Bolungarvíkurkaupstað, Birna Hannesdóttir svæðisfulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir frá Tónlistarskólanum á Ísafirði, Dagný Finnbjörnsdóttir íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar, Erna Sigrún Jónsdóttir námsráðgjafi Menntaskólans á Ísafirði, Guðbjörg Stefanía Hafþórsdóttir aðstoðarskólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur sem staðgengill Halldóru Dagnýjar Sveinbjörnsdóttur, Gunnþórunn Bender sveitarstjórnarfulltrúi frá Vesturbyggð, Hanna Þórey Björnsdóttir fulltrúi tómstunda frá Bolungarvíkurkaupstað, Helena Hrund Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Hlíf Hrólfsdóttir félagsmálastjóri félagsþjónustu Stranda og Reykhóla, Hlynur Hafberg Snorrason yfirlögregluþjónn sem staðgengill Kristjáns Óskars Ásvaldssonar, Hildur Ása Gísladóttir formaður Ungmennaráðs Vestfjarða, Hrefna Jónsdóttir sveitarstjórnarfulltrúi Reykhólahrepps, Lilja Rut Rúnarsdóttir skólastjóri Bíldadalsskóla í Vesturbyggð, Margrét Geirsdóttir sviðsstjóri Velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, Svava Rán Valgeirsdóttir leikskólastjóri hjá Ísafjarðarbæ, Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar og Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir ritari Ungmennaráðs Vestfjarða.

Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir skólastjóri í grunn-, leik- og tónskóla Hólmavíkur og Þórunn Björk Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur frá Heilbrigðisstofnun Vesturlands sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Auk þess sátu fundinn eftirfarandi fulltrúar: Sólveig Norðfjörð verkefnastjóri farsældar frá Ísafjarðarbæ, Svala Sif Sigurgeirsdóttir starfsmaður barnaverndarþjónustu Vestfjarða frá Ísafjarðarbæ, Jóhanna Linda Jóhannesdóttir varðstjóri lögreglunnar á Vestfjörðum, Ágúst Gunnarsson aðalvarðstjóri lögreglunnar á Vestfjörðum og Sigurður Páll Sveinbjörnsson, lögreglumáður.

Erna Lea Bergsteinsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs Vestfjarða stýrði fundinum og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Opnun fundarins: verkefnastjóri farsældarráðs og ungmennaráð Vestfjarða.
2. Farsældarkviss.
3. Niðurstöður Íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar: lykiltölur fyrir Vestfirði.
4. Barnvæn sveitarfélög: Marín Rós Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri barnvænna sveitarfélaga hjá UNICEF og sérfræðingur í innleiðingu barnasáttmálans.
5. Staða sveitarfélaga í innleiðingu farsældarlaga.
6. Myndataka.
7. Hádegishlé.
8. Samvinna í þverfaglegum hópum.
9. Hlé.
10. Hvað verður í aðgerðaráætlun?
11. Samantekt og næstu skref.

1. Opnun fundarins

Erna Lea Bergsteinsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs Vestfjarða opnaði fundinn.

Ungmennaráð Vestfjarða tók svo við og var með erindi.

2. Farsældarkviss

Erna Lea Bergsteinsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs Vestfjarða stýrði *Kahoot* um farsæld. Líflegar umræður sköpuðust um spurningarnar. Hrefna Jónsdóttir sigraði og fékk því titilinn *Farsældarmeistari Vestfjarða*.

3. Niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar: lykiltölur fyrir Vestfirði

Erna Lea Bergsteinsdóttir fór yfir niðurstöður úr Íslensku æskulýðsrannsókninni fyrir Vestfirði. [Kynningu má sjá í gögnum fundarins](#).

Til máls tóku: Þorgeir Pálsson, Birna Hannesdóttir, Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir og Hrefna Jónsdóttir.

4. Vegna tæknilegra örðugleika var ákveðið að gera breytingar á dagskrá og fara yfir í lið nr. 5 um stöðu sveitarfélaga við innleiðingar farsældarlaga.

Erna Lea Bergsteinsdóttir fór yfir niðurstöður könnunar sem stjórn farsældarráðs Vestfjarða lét framkvæma um stöðu innleiðingar farsældarlaga meðal sveitarfélaga á Vestfjörðum.

[Kynningu má sjá í gögnum fundarins](#).

Til máls tóku: Hrefna Jónsdóttir

Sólveig Norðfjörð verkefnastjóri farsældar hjá Ísafjarðarbæ fór með kynningu um innleiðingu farsældarlaga – stöðu og næstu skref hjá Ísafjarðarbæ.

5. Barnvæn Sveitarfélög

Marín Rós Eyjólfsdóttir, verkefnastjóri barnvænna sveitarfélaga hjá UNICEF og sérfræðingur í innleiðingu barnasáttmálans kynnti verkefnið barnvæn sveitarfélög hjá UNICEF í gegnum fjarfundarbúnað.

Til máls tóku: Birna Hannesdóttir og Erna Lea Bergsteinsdóttir

6.-7. Gert var hlé á fundinum þar sem fór fram myndataka og hádegishlé.

Gunnþórunn Bender og Lilja Rut Rúnarsdóttir véku af fundinum. Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir og Þórunn Björk Einarsdóttir véku af fundinum í gegnum fjarfundarbúnað.

8. Samvinna í þverfaglegum hópum

Erna Lea Bergsteinsdóttir setti fundinn eftir hlé. Þátttakendum fundarins var skipt í sex þverfaglega vinnu hópa og hver hópur fékk eina stoð úr stefnu stjórnvalda um farsæld barna til þess að ræða og móta aðgerðir út frá. Í hverjum hópi var einn hópstjóri. Þegar hóparnir höfðu sett niður þrjár aðgerðir fengu allir þátttakendur fundarins þrjú atkvæði í formi límmiða til þess að velja þær þrjár aðgerðir sem þáttakanda þótti brýnastar.

Niðurstöður hópavinnunnar má finna í viðauka I hér neðar í skjalinu.

9. Gert var stutt hlé á fundinum

Hildur Ása Gísladóttir og Þorgeir Pálsson véku af fundinum.

10. Hvað verður í aðgerðaráætlun

Erna Lea Bergsteinsdóttir setti fundinn aftur eftir stutt hlé. Hóparnir fengu niðurstöður þátttakendur um þá brýnustu aðgerð sem hópurinn hafði sett niður. Hver hópur vann með sína brýnustu aðgerð og svaraði eftirfarandi spurningum um aðgerðina:

- Hverjir þurfa að vinna saman?
- Hvað gæti verið fyrsta skref?
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár?
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar?

Niðurstöður hópavinnunnar má finna í viðauka I hér neðar í skjalinu.

11. Samantekt og næstu skref

Erna Lea Bergsteinsdóttir tók saman helstu niðurstöður fundarins og næstu skref. Ákveðið var að samráð skyldi haft við viðeigandi fulltrúa við vinnslu aðgerðaráætlunar til fjögurra ára og að stefnt verði að því að drög að áætluninni verði tilbúin í september 2026 þegar ráðið fundar aftur.

Í lokin fór fram könnun á upplifun þátttakenda á fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 15:00

Viðauki I

Niðurstöður hópavinnu

Hópur 1 – Jafnræði barna

Í hópnum sat Margrét Geirsdóttir sem hópstjóri, Hanna Þórey Björnsdóttir og Alberta Kristín Jónsdóttir.

Hvaða börn eða fjölskyldur eiga erfiðara með að fá stuðning á Vestfjörðum?

- Börn og fjölskyldur í smærri samfélögum, og af erlendum uppruna. Heimanámsaðstoð við börn af erlendum uppruna eða sem eiga foreldra sem tala ekki íslensku.

Hvar sjáum við ójafnræði í aðgengi að þjónustu (t.d. eftir búsetu, fötlun, tungumáli eða félagslegri stöðu)?

- Og hinseginleika. Í litlum samfélögum, þegar samgöngur eru ófullnægjandi, þar sem úrræði eru fá, tungumálaerfiðleikar.

Hvernig hafa fjarlægðir og smæð samfélaga áhrif á jafnræði?

- Stopular samgöngur, úrræði færri í litlum samfélögum, félagsleg samsetning getu skapað vanda. Fjarþjónusta er ekki alltaf lausn, ósveigjanleg þjónusta.

Hvernig getum við tryggt að þjónusta sé sambærileg milli sveitarfélaga?

- Með samvinnu, pólitískur vilji – það kostar að veita þjónustu – en við græðum seinna.

Hvernig getum við betur stutt fjölskyldur sem standa höllum fæti?

- Stuðningur með hópastarfi, stuðningur við hinsegin og trans, stuðningur við flóttabörn. Skólar skipta miklu máli.

Hugmyndir að aðgerðum:

- Ungmennahús: 11 atkvæði
- Kortleggja sérfræðipækkingu til þess að geta deilt á milli sveitarfélaga: 1 atkvæði
- Tryggja jafnræði til sérfræðiþjónustu frá ríkisstofnunum sem eru staðsettar fyrir sunnan – þær veiti þjónustu á Vestfjörðum: 3 atkvæði

Aðgerð um ungmennahús

- Hverjir þurfa að vinna saman? Sveitarfélögin – samvinna ungmennaráða – MÍ.
- Hvað gæti verið fyrsta skref? Fá samþykki sveitarfélaganna.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Betri félagsleg tenging.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Betri útkoma úr ÍÆ.

Hópur 2 – Stuðningur við fjölskyldur

Í hópnum sat Helena Hrund Jónsdóttir sem hópstjóri, Sólveig Norðfjörð og Svala Sif Sigurgeirsdóttir.

Hvað styður fjölskyldur best í dag á Vestfjörðum?

- Geðheilsuteymi barna, góð þverfagleg teymisvinna heilbrigðisstofnunar, skóla, velferðarsviðs og annarra kerfa. Stuttar boðleiðir.

Hvar vantar meiri stuðning áður en vandamál verða alvarleg?

- Vantar meiri stuðning og aðhald fyrir kennara, starfsfólk skóla og foreldra. Fagleg forysta og innra verklag hjá hverri stofnun. Efla lágþröskuldarúrræði á svæðinu fyrir foreldra og börn.

Hvernig geta mismunandi þjónustukerfi unnið betur saman til að styðja fjölskyldur?

- Þverfagleg teymisvinna. Góð samvinna. Sameiginleg sýn og skilningur á störfum hvors annars.

Hvað gæti auðveldað foreldrum að leita sér hjálpar?

- Auðvelt aðgengi að fagfólki, geta bókað sjálft. Aðgangur að fræðslu og ráðgjöf. Efla foreldrasamstarf og samstarf heimilis og skóla.

Hvernig getum við tryggt að fjölskyldur fái réttan stuðning á réttum tíma?

- Gott upplýsingaflæði, allir viti hvert eigi að leita. Starfsfólk sem vinnur með börnum ber að fylgjast með, bregðast við og koma af stað samstarfi.

Hugmyndir að aðgerðum

- Farsældardagur. Fagfólk kemur saman, kynnir störf sín og hlutverk með áherslu á samvinnu, sameiginlega sýn og skilning á störfum hvers annars til að styðja betur við börn og fjölskyldur: 0 atkvæði
- Auðvelt aðgengi að lágþröskuldarþjónustu, námskeið, ráðgjöf og bókunarkerfi á netinu. Auka aðgengi barna að sálfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu: 8 atkvæði.
- Efla foreldrasamstarf og samvinnu á milli heimilis og skóla. Fá ráðgjöf frá Heimili og skóla, foreldrum og börnum. Foreldrar undirriti sáttmála þegar mæta í foreldraviðtal með kennara og nemenda: 1 atkvæði.

Aðgerð um auðvelt aðgengi að lágþröskuldarþjónustu, námskeið, ráðgjöf og bókunarkerfi á netinu. Auka aðgengi barna að sálfræðiþjónustu skóla og heilsugæslu:

- Hverjir þurfa að vinna saman? Heilbrigðisstofnun, skólasvið, velferðarsvið og skólar.
- Hvað gæti verið fyrsta skref? Tilnefna ábyrgðaraðila innan hversrar stofnunar/sviðs/skóla sem mynda þá verkefnahóp. Skilgreina ábyrgð og hlutverk hvers og eins aðila í hópnum.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Snemmtæk íhlutun, færri flóknari mál, bætt líðan barna og foreldra.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Styttri biðlistar, fækkun á beiðnum til skólaþjónustu, færri mál á 2. og 3. Stigi. Einnig hægt að mæla með þjónustkönnunum.

Hópur 3 – Rödd barnsins

Í hópnum sat Erna Sigrún Jónsdóttir sem hópstjóri ásamt Guðbjörgu Stefaníu Hafþórsdóttur.

Hvernig er hlustað á börn í dag þegar ákvarðanir eru teknar um þeirra mál?

- Með á teymisfundum þegar við á t.d. í farsæld í framhaldsskóla og grunnskóla. Ungmennaráð. Skólaráð innan skóla. Nemendafundur, skólafundir.

Hvar mætti bæta þátttöku barna og ungmenna?

- Innan sveitarstjórna – þar sem ákvarðanir eru teknar! Ungmennaráð þarf að vera starfandi í hverju sveitarfélagi – veita þarf fé og tíma starfsmanns í að halda utan um starfið.

Hvernig getum við tryggt að sjónarmið barna hafi raunveruleg áhrif á þjónustuna?

- Með því að tryggja áheyrn – reglulega og formfest → ekki bara „upp á punt“ hjá sveitarstjórnnum.

Hvernig getum við tryggt að börn skilji hvaða stuðning þau fá og af hverju?

- Upplýsingagjöf á þeirra máli. Samstarf og sýnileiki! Fræðsla um réttindi og skyldur. Borgaravitund.

Hvernig getum við nýtt skóla, ungmennaráð eða annan vettvang til að heyra rödd barna?

- Kannanir þurfa að vera nýttar markvisst til að bæta þjónustu/aðstöðu fyrir börn ungmenni. Einnig að kynna niðurstöður vel fyrir foreldrum/samfélagi.

Hugmyndir að aðgerðum

- Ungmennaráð starfrækt í öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum (virk), fjármagn og ábyrgðaraðili skýr = stöðugleiki og formfesta: 8 atkvæði.
- Tryggja ráðinu áheyrn í sveitarstjórn og þátttöku með reglulegum hætti (lágmark 4 sinnum á ári): 3 atkvæði
- Auka upplýsingagjöf um réttindi og skyldur barna og ungmenna á „mannamáli“. Sýnileiki: 1 atkvæði.

Aðgerð um ungmennaráð í öll sveitarfélög.

- Hverjir þurfa að vinna saman? Bæjarfulltrúar, sveitarstjórnir, skólayfirvöld aðstoða við að finna ungmenni/börn.
- Hvað gæti verið fyrsta skref? Ákall frá Farsældarráði um þörf á ungmennaráðum send til allra sveitarstjórna.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Virkari þátttakendur í samfélaginu. Móta samfélagið = meiri líkur á áframhaldandi búsetu og þátttöku.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Íslenska æskulýðsrannsókin. Hægt að mæla „sér“ líka ef þörf er á. Mæla bæði hjá ungmenum og sveitarstjórnarfólki
- Að okkar mati eru virk ungmennaráð undanfari þess að koma á fót ungmennahúsi/húsum.

Hópur 4 – Forvarnir og snemmtæk íhlutun

Í hópnum sat Hrefna Jónsdóttir sem hópstjóri, Svava Rán Valgeirsdóttir, Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir og Hildur Ása Gísladóttir.

Hvar sjáum við tækifæri til að grípa fyrr inn í? Hvað gæti hjálpað fagfólki að greina þarfir barna fyrr?

- Virkja jafningja, vinna með sjálfsmynd, kortleggja jaðarhópa. Styrkja kerfin frá byrjun, sérfræðinga inn í skólana, styðja og fræða foreldra. Fræðsla fyrir börn, hvernig er hægt að þetta netspjall til að fá aðstoð, aðgengi að sálfræðing. Löggæsla, menntunarstig.

Hvað gæti hjálpað fagfólki að greina þarfir barna fyrr?

- Tími, þekking og faglegur stuðningur. Kynna áhættuþætti, samstarf á milli aðila, aðgengi fyrir foreldra, fræða nemendur um einkenni.

Hvaða forvarnarverkefni gætu haft mest áhrif á Vestfjörðum?

Hvernig getum við tryggt að börn og fjölskyldur fái stuðning áður en vandamál verða flókin?

Hugmyndir að aðgerðum

- Hækka menntunarstig allra sem koma að málefnum barna. Þurfum bæði að liðka til og hafa hvat: 4 atkvæði
- Virkja ungt fólk í jafningjafræðslu og tryggja fræðslu til þeirra og foreldra: 3 atkvæði
- Tryggja greitt aðgengi að upplýsingum og ráðgjöf fyrir alla hópa: 1 atkvæði

Aðgerð um að hækka menntunarstig allra sem koma að málefnum barna.

- Hverjir þurfa að vinna saman? Menntaskólinn, háskólar með milligöngur háskólaseturs. Vinnustaðir sjá um hvata og liðka til. Hvatar þurfa að vera fastir í stein, ekki geðþóttaákvörðun.
- Hvað gæti verið fyrsta skref? Námsráðgjöf fyrir alla, aðgengileg. Bæta aðgengi að raunfærnimati. Athuga samstarf við Virk.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Þekking til staðar til að sinna snemmtækri íhlutun.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Fjöldi í námi eða búinn. Fleiri mál á 1. stigi en færri á 2. og 3. stigi.

Hópur 5 – Fagfólk og samstarf

Í hópnum sat Dagný Finnbjörnsdóttir sem hópstjóri, Hlíf Hrólfsdóttir, Þórgunnur Ríta Gústafsdóttir og Hlynur H. Snorrason.

Hvað styður fagfólk best í vinnu með börnum og fjölskyldum?

- Þekking á hlutverki. Verkferlar. Upplýsingaflæði. Góður stuðningur. Gæða og fagrað. Samstarf milli svæða. Miðla reynslu.

Hvar eru stærstu hindranir í samstarfi milli fagstétta og stofnana?

- Persónuvernd. Mismunandi menningarheimar. Væri einfaldara ef heilbrigðisumdæmi væri eitt. Framhaldsskóla á ólíkum landssvæðum.

Hvað gæti auðveldað þverfaglega samvinnu á Vestfjörðum? Hvernig getum við deilt þekkingu og reynslu betur á svæðinu?

- Miðlægur gagnagrunnur. Traust. Sameiginlegir fundur, kynnast hvert öðru.

Hvernig getum við styrkt faglega þróun og stuðning við starfsfólk?

- BOFS? Gæða- og eftirlitsstofnun upplýsi á milli sveitarfélaga á landinu um hnökra eða annað sem aðrir rekast á, læra hvert af öðru. Sameiginlegt landsþing?

Hugmyndir að aðgerðum

- Miðlægur gagnagrunnur: verkferlar, upplýsingaflæði: 2 atkvæði
- Sameiginlegir fundir og fræðsla: þekking á hlutverki, miðla reynslu: 3 atkvæði
- Sameiginleg félagsþjónusta: eins og með barnavernd: 2 atkvæði

Aðgerð um sameiginlega fundi og fræðslu.

- Hverjir þurfa að vinna saman? Farsældarráð Vestfjarða. Fulltrúar fá öllum sveitarfélögum, menntaskólanum, lögreglu og heilbrigðisstofnun.
- Hvað gæti verið fyrsta skref? Svona fundur.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Meiri þekking og meiri samvinna, sameiginlegur skilningur, leiðir til þess að færra börn þurfi þjónustu á 2. eða 2. stigi.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Bætt líðan og mælingar komi betur út.

Hópur 6 – Þekking og gögn

Í hópnum sat Þorgeir Pálsson sem hópstjóri, Birna Hannesdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir.

Hvaða upplýsingar eða gögn vantar til að við skiljum stöðu barna betur?

- Upplýsingar um innviði (almenningsamgöngur), vantar meiri upplýsingar/samtal við börn (þeirra rödd), % hlutfall barna með greiningu, % hlutfall barna varðandi lyfjanotkun, farsímanotkun/verri heilsa, fá upplýsingar frá lykilaðilum.

Hvernig getum við nýtt gögn til að bæta þjónustu við börn og fjölskyldur?

- Rýna niðurstöður og búa til aðgerðir og forgangsraða verkefnum. Þarfagreining: niðurst. vs. hvað er í boði. Rýna í þróun niðurstaðna milli ára.

Hvernig getum við betur fylgst með þróun farsældar barna á Vestfjörðum?

- Innleiða saman barnvænt samfélag – barnvænir Vestfirðir. Reglulegir samráðsfundir málstjóra og tengiliða. Sameiginleg verkefni.

Hvernig getum við deilt upplýsingum milli kerfa á öruggan og gagnlegan hátt?

- Stýrihópar, vinnustofur og samráðsfundir.

Hvað þurfum við til að geta metið hvort aðgerðir skili árangri? Hvaða mælikvarðar gætu sagt okkur hvort farsæld barna sé að aukast?

- Betri líðan – líkamlega og andlega (geðheilbrigði)
- Fækkun á málum á 3. stigi (mælikvarði)

Hugmyndir að aðgerðum

- Innleiða barnvænir Vestfirðir í sameiningu – samráðshópar, vinnuhópar: 6 atkvæði
- Rýna fyrirliggjandi gögn og meta hvaða gögn vantar, búa til aðgerðir og forgangsraða – styrkleikar og það sem má betur fara.
- Búa til mælikvarða til að meta árangur: 1 atkvæði.

Aðgerð um að innleiða barnvæna Vestfirði í sameiningu.

- Hverjir þurfa að vinna saman? Öll sveitarfélög og stofnanir þeirra í samstarfi við Unicef.

- Hvað gæti verið fyrsta skref? Viljayfirlýsing → sameiginlegur fundur t.d. á fjórðungspingi.
- Hvernig myndum við sjá að þetta hafi bætt farsæld barna eftir fjögur ár? Farsæld að fullu innleidd í öll sveitarfélög, aukin þátttaka barna, færri mál á 3. stigi, náum að grípa inn í mál fyrr.
- Hvernig getum við mælt árangur þessarar aðgerðar? Öll sveitarfélög viðurkennd sem barnvæn sveitarfélög.